

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda við keppni utan vega skuli vera 3 600 000 kr. við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990, gildir fyrir árið 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. desember 1992.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að afnema stöðubann við norðausturhlíð Eskihlíðar, á milli Engihlíðar og Mjóuhlíðar,
2. að hámarksökuhraði á húsagötu að baki Laugavegs 133-147 verði 15 km/klst.

Ákvörðun þessi tekur gildi 17. desember 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. desember 1992.

Böðvar Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitunarkerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun á heita vatninu eru sem hér segir:

- | | |
|---|--------------|
| a. Fastagjald fyrir gróðurhús sek.l á mánuði | kr. 1 294,00 |
| Fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. | |
| Fyrir önnur hús á mánuði | kr. 829,00 |
| b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús mín.l á mánuði | kr. 95,00 |
| Fyrir önnur hús mín.l á mánuði | kr. 459,00 |
| c. Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á þökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: | |
| Fyrir hvern rúmmetra á mánuði | kr. 4,00 |
| d. Þar sem vatn er selt gegnum rúmmetramæli: | |
| Orkugjald fyrir hvern m ³ á mánuði | kr. 35,00 |
| Fastagjald á mánuði | kr. 470,00 |
| Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma. | |

4. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. gr. verða krafín til greiðslu ársfjórðungslega og skulu þau greiddast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjaldldaga.

5. gr.

Heimædagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Stærð húss utanmál:	Heimæðargjald:
Allt að 300 m ³	kr. 62 942,00
301–2000 m ³	kr. 62 942,00 + 41,00 kr/m ³ umfram 300 m ³
Gróðurhús 200 m ²	kr. 62 942,00 + 95,00 kr/m ² umfram 200 m ²
Stofngjald fyrir aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er	kr. 11 058,00

6. gr.

Gjöld skv. 3. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er kr. 910,00

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

11. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætludum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1993, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 434, 13. september 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 9. desember 1992.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarmann.

ARÐSKRÁ

fyrir A-deild Veiðifélags Skjálfandafljóts.

Sandur	5.95 %
Hraunkot	2.20 %
Hellnassel	1.60 %
Garður	0.22 %
Húsabakki	3.00 %
Rauðaskriða	3.05 %
Bergsstaðir	1.74 %
Jóðisarstaðir	2.63 %
Vað	8.62 %
Fosssel	3.82 %
Pingey	12.25 %
Barnafell	14.08 %
Ystafell	10.90 %
Hólsgærði, Hóll	11.50 %
Ófeigsstaðir	1.39 %
Póroddsstaður	2.83 %
Geirbjarnarstaðir	1.98 %
Syðri-Skál	2.33 %
Granastaðir	1.91 %
Nípa	1.01 %
Björg	6.99 %
	<hr/>
	100.00%

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.